

MÁLSTOFA

GUÐMUNDUR HÁLF DANARSON

HANDRITAMÁLIÐ — ENDALOK ÍSLENSKRAR SJÁLFSTÆÐISBARÁTTU?

1. Inngangur

FÁ AUGNABLÍK í sögu Íslands á síðari helmingi 20. aldar eru greypt með jafn afgerandi hætti í minni Íslendinga og afhending fyrstu handritasendingar Dana hinn 21. apríl 1971. Margt varð til þess að gera daginn eftirminnilegan — veðrið var óvenjufagurt þennan vordag, frí var gefið í skólum landsins til þess að börn gætu fylgst með komu handritanna og Ríkissjónvarpið sendi beint frá atburðum á innlendum vettvangi í fyrsta sinn. Látlaus og kankvís framkoma Helge Larsens, þáverandi menntamálaráðherra Dana, við formlega afhendingu Flateyjarbókar og Konungsbókar eddukvæða í Háskólabíói var einnig mjög minnisstæð: „Værsgod, Flatbogen, og ældre Edda“, sagði hann um leið og hann rétti íslenskum kollega sínum, Gylfa P. Gíslasyni, mestu dýrgripi danskra bókasafna til ævarandi varðveislu.¹

Afhending handritanna var þó ekki eftirminnileg fyrir þá sök eina að at-höfnin heppnaðist vel, heldur ekki síður vegna þess að oft er litið á hana sem táknaðen endalok sjálfstæðisbaráttunnar (sbr. Jónas Kristjánsson 1981:56). „Þjóðin er nú loks komin heim með allt sitt, fullvalda og óháð. Stjórnmála-skilnaður við erlent ríki er fullkomnaður“, hafði Gísli Sveinsson, forseti sameinaðs Alþingis, sagt í tilefni lýðveldisstofnunar á Pingvöllum 17. júní 1944 (*Lýðveldisháttíðin* 1945:165), en þegar sigurvíman rann af þjóðinni að lokinni lýðveldisháttíð gerðu forsvarsmenn hennar sér þó grein fyrir því að enn vantaði hina nýfrjálsu þjóð ymislegt af meintum eigum sínum. Stærsta safn

¹ Orðin eru höfð eftr upptökum sjónvarps á háttíðarsamkomu í Háskólabíói. Lýsingar af atburðum má einnig finna í dagblöðum, sjá m.a. „Vær saa god, Flatbogen“, 15000 manns fögnuðu handritakomunni við Reykjavíkurhöfn, Fortíðin er komin heim og Tugþúsundir fögnuðu. Í ritinu *Fakta om de islandske håndskrifter*, sem svonefnd handritaneftið gaf út árið 1964, var Konungsbók eddukvæða, Codex Regius, nefnd „den største håndskriftskat i Danmark“ (14); um gildi Flateyjarbókar, sjá Sigurður Nordal 1971.

íslenskra skinnhandrita var geymt í hinni fornu höfuðborg, Kaupmannahöfn, og því var sigurinn í sjálfstæðisbaráttunni ekki fullkominn og gat aldrei orðið það fyrr en handritin hefðu snúið aftur til síns heima.

Prátt fyrir augljós tengsl hefur samhengi handritamálsins og sjálfstæðisbaráttunnar ekki verið mikill gaumur gefinn í þeim líflegu umræðum sem hafa átt sér stað um ýmsa þætti íslenskrar þjóðernisbaráttu á síðustu árum. Þetta er ekki síst undarlegt í ljósi þess hversu stórt hlutverk handritin léku í mótu íslenskrar sjálfsmynðar á síðustu öld; árið 1930 heyrðust jafnvel þau rök að endurheimt handritanna skipti Íslendinga meira máli en útfærsla landhelginnar (Sigrún Davíðsdóttir 1999:35). Tvær hugsanlegar ástæður má nefna fyrir þessari þögn. Í fyrsta lagi skorti lengst af hlutlæga og nákvæma ramnsókn á gangi þessa flókna og tilfinningaþrungna deilumáls og hefur það gert fræðimönnum erfitt fyrir að mynda sér skoðun á því. Ágæt bók Sigrúnar Davíðsdóttur um handritamálið, *Håndskriftsagens Saga* (1999), hefur rutt þessari hindrun endanlega úr vegi og er hún tilefni þessa greinarkorns og gerir ritun þess mögulega. Í öðru lagi fellur handritamálið alls ekki inn í einfalt líkan þjóðernisbaráttu vegna þess að deilan stóð löngum alls ekki á milli hinna eiginlegu andskota í sjálfstæðisbaráttunni, Íslendinga og Dana, heldur á milli Dana innbyrðis. Gangur handritamálsins verður þó varla skýrður nema í samhengi við sjálfstæðisbaráttuna og sögu íslenskrar og danskrar þjóðernisvitundar, vegna þess að víglínur og afstaða manna til málsins mótuðust af þessum þáttum, hlut fornbókmenntanna í sjálfsmynnd Íslendinga, og togstreitu meðal Dana um eðli danskars þjóðernis. Hér verður gerð tilraun til að skýra þessa deili út frá íslenskri og danskri þjóðernisstefnu, og minna með því á hversu stóran þátt handritin áttu í að móta og afmarka íslenskt þjóðerni á tímum sjálfstæðisbaráttunnar gegn Dönum.

2. Handritin og sjálfsmynd Íslendinga

Pótt flestum þeim sem voru komnir til vits og ára vorið 1971 sé koma handritanna ennþá í fersku minni er ólíklegt að þeir geri sér allir enn fyllilega grein fyrir hversu gríðarlega sterkar tilfinningar dökkar og máðar síður Konungsþókar vöktu meðal Íslendinga á meðan handritadeilan stóð sem hæst. Af ummælum manna má sjá að þótt handritin geymdu sannarlega mikil listaverk þá voru þau miklu meira en leifar af horfinni menningarstarfsemi í hugum Íslendinga. Handritin og fornbókmenntirnar voru allt í senn „afsprengi íslenzkrar þjóðarsálar ... barn Íslands“ (Jakob Jónsson 1954), skóli þjóðarinnar,

„skemmtun og andlegur afgjafi, ljósið í hugskoti fólksins ... í ásýnd þeirra speglast örlög þjóðarinnar, lífsbraut og eðliseinkenni“ (Kristinn E. Andrésson 1961:348), og „líftaug þjóðarinnar í aldir ... kjölfesta menningar hennar. Pau voru og eru hornsteinar íslenzks þjóðernis og íslenzkrar tungu, ein helzta réttlæting sjálfstæðis Íslendinga“ (Gylfi P. Gíslason 1961).

Handritin voru um margt sérkennilegir dýrgripir, vegna þess að fæst þeirra voru mikil fyrir augað, enda fúin og fordjörfuð af aldalangri geymslu í saggafullum íslenskum torfhúsum. Útlit handritanna þótti þó einmitt bera órækt vitni um lifandi geymd þessara djásna. „Íslenzkur maður sem reikar ... um sýningarsalina í British Museum og sér þar skrúðbækur víðsvegar að úr löndum, bókfellið mjallahvítt og óvelkt og prýtt hinum fugurstu myndum, lætur sér þá ef til vill koma til hugar bækur sinnar þjóðar, fáskrúðugar, dökkar, og einatt skemmdirnar sýna að þær hafa ekki legið ónotaðar í hirzljum og aðeins verið teknar fram einstöku sinnum tignarmönnum til augnagamans, heldur verið mörgum liðnum kynslóðum til uppörvunar og gleði“ (Jón Helgason; „jafnvel skemmdirnar sýna að þær hafa ekki legið ónotaðar í hirzljum og aðeins verið teknar fram einstöku sinnum tignarmönnum til augnagamans, heldur verið mörgum liðnum kynslóðum til uppörvunar og gleði“ (Jón Helgason 1958:27). Handritin voru því ekki einungis viðfangsefni vísindamanna eða dauðir sýningargripir, heldur lifandi þjóðararfur, sem menn töldu að hvergi ætti heima nema í vörslu Íslendinga.

Staða handritanna í mótu íslenskrar þjóðarvitundar stóð á traustum grunni, og þau vísuðu reyndar til kjarna þess sem mönnum þótti einkenna íslenskt þjóðerni og viðgang þess í aldanna rás. Í fyrsta lagi voru Íslendingar sannfærðir um að fornritin sönnuðu tilvist íslenskrar þjóðar þegar á þjóðveldisöld, eða á oldunum áður en landsmenn gengu Noregskonungi á hönd. Petta var grunnhugmynd hins svokallaða íslenska skóla í rannsóknum á miðaldabókmennum, en boðberar hans héldu því fram að fornritin hlytu að teljast skilgetið afkvæmi íslenskra aðstæðna og þar með kennimark frjórrar og sérkennilegar þjóðmenningar. Pessu til sönnunar bentu þeir á fjölda dæma í fornritunum um sjálfræði Íslendinga gagnvart erlendum þjóðum, Norðmönnum þar meðtöldum, en þau þóttu órækur vitnisburður um að á Íslandi hafi þegar um 1100 verið komin fram „sérstök og sjálfstæð þjóð með sérstökum þjóðfélagsháttum, sem vissi vel af því“ (Einar Ólafur Sveinsson 1959:33; sbr. einnig Bogi Th. Melsteð 1914). Tilvist íslenskrar þjóðar sannaðist þó ekki einungis af beinum dænum um þjóðarvitund og sjálfræðisanda, heldur töldust handritin sjálf staðfesta uppruna og styrk sjálfstæðrar íslenskrar menningar. „Hvers vegna rituðu Íslendingar sögur og Norðmenn ekki?“, spyr Sigurður Nordal í drögum að öðru bindi íslenzkrar

mennigar, og bendir þar á þann þátt í fari frændþjóðanna, Íslendinga og Norðmanna, sem honum fannst helst greina þær að (1993b:149). Spurningunni var beint gegn kenningum manna á borð við norska 19. aldar fræðimanninn Rudolf Keyser sem — Íslendingum til mikillar skapraunar — hafði reynt að eigna Norðmönnum íslenskar fornþókmenntir. Sigurður dregur saman aðalatriðin í kenningum Keysers á þennan hátt:

- 1) Sögurnar voru fullmótaðar í munnlegri geymd og varðveittust svo óbreyttar kynslóð frá kynslóð. 2) Þess vegna skiptir ekki máli, hver eða hverjir færðu þær í letur. Norðmenn „notuðu penna Íslendinga“ til þess. En alveg eins og eltu dróttkvæðin voru norsk, þótt skráð væru á Íslandi, var t.d. Ólafs saga helga í Heimskringlu ekki eftir Snorra, heldur sögumanninn og sagnfræðinginn Þorgeir afráðskoll, sem uppi var á fyrri helmingi 11. aldar. 3) Auk þess voru Íslendingar Norðmenn og ekkert annað en Norðmenn, meðan þeir skráðu fornmenntirnar. Hins vegar urðu þeir síðar Íslendingar. (1993b:36)

Hugmyndin um að Íslendingar hafi verið eins konar norskir leigupennar bar fyrst og fremst vott um skiljanlega öfund, segir Sigurður, vegna þess að norsk saga fram á 13. öld var að mestu skráð af Íslendingum. „Norðmenn hafa tekið við þessum ritum — sérstaklega Heimskringlu — sem guðspjalli fornsögu sinnar, og þau hafa orðið þeim ekki minna virði en Íslendinga sögur Íslendingum.“ Því var Norðmönnum ekki ljúft að viðurkenna íslenskan uppruna bókmenntanna, og enn síður þegar þeir „fara almennt að gera sér grein fyrir því, hversu Íslendingar hafa lagað sögu þeirra í hendi sér, umskapað sumt og auk heldur skapað í meðfórum“ (1993c:174, sbr. 1993a:126–127). Sigurður dró enga dul á að fornþókmenntir Íslendinga ættu rætur í jarðvegi samgermanskrar og norrænnar menningar, enda geyma þær, auk sagna af Íslendingum, germanskar arfsagnir og sögur af norskum konungum. Handritin voru þó sannarlega skrifuð á Íslandi en ekki í Noregi eða Danmörku, og bókmenntirnar sem þau geymu hlutu því að hafa orðið til við einhvers konar víxláhrif á milli íslenskra höfunda og lesenda (1993b:166; 1993c). Sagnaritun af því tagi sem tíðkuð var á Íslandi á tímabilinu 1100–1400 var „skapandi starfsemi og ekki einungis dauð varðveisla“, fullyrðir Sigurður Nordal, og gat af þeim sökum aldrei talist „eintómur vélengengur blekiðnaður“ (1993b:151). Útilokað var því að líta á Ísland á miðoldum sem „eins konar frystihús“, sem geymdi freðnar menjar um horfinn heim, heldur var landið lifandi bókmennta-

smiðja sem átti vart sinn líka í veraldarsögunni (1993b:48–76; 1993c:173). Niðurstaða þessara hugleiðinga Sigurðar Nordals var sú að bókmennir handritanna væru íslenskar bókmennir fyrst og fremst, og höfundar þeirra þar með Íslendingar en ekki aðeins Norðmenn í nýjum heimkynnum.

Í slíkum kenningum liggur augljós tilraun til að fella bókmennir miðalda inn í þjóðernissinnað hugmyndakerfi nútímans (Óskar Halldórsson 1978; Byock 1993), þar sem landamæri menningarheima eru mikilvægari en tengsl þeirra á milli. Þjóðernisstefnan leggur þó ekki aðeins áherslu á að hver þjóð sé annarri ólík, heldur einnig á sterk innbyrðis tengsl hvarrar þjóðar um sig. Þetta viðhorf var mjög áberandi í kröfum Íslendinga til handritanna, þar sem þau töldust ekki einungis sanna tilvist sérstakrar íslenskrar þjóðar á þjóðveldisöld, heldur einnig að óslitinn þráður tengdi Íslendinga nútímans við forfeður (sjaldan var minnst á formæður í þessu samhengi) sína á fyrri tíð — „hvis man kender til Islands Historie, saa ved man ogsaa, at det er Digterens Gave, Digtekunsten, den uafbrudte litterære Virksomhed, som har vedligeholdt det islandske Folks nationale Liv“ (Kristinn E. Andrésson 1951:195). Þetta var önnur uppáhaldskenning íslenskra fræðimanna og stjórnámalamanna á tímum sjálfstæðisbaráttunnar, sem bentu gjarnan á þá furðu „að hver íslenzkur unglingsur skuli enn skilja fyrirhafnarlaust vísu Egils: Pat mælti mínn móðir — frá fyrsta áratug 10. aldar, eða að Prymskviða, frá svipuðum tíma, skuli enn gjöra Íslendingum meiri skemmtun en örðugleika“ (Sigurður Nordal 1996:18–19).

Hugmyndin um að íslenskan væri forntunga norrænna manna í nær hreinni mynd er gömul, eins og kunnugt er, og er hún þekkt a.m.k. frá því seint á 16. öld og snemma á hinni 17. (sbr. Oddur Einarsson 1971:80–81, 145; Arngrímur Jónsson 1985:96–105). Með þjóðernisstefnu 19. aldar öðlaðist þessi trú á hina hreinu tungu algerlega nýja merkingu, enda féll hún fullkomlega að rómantískum hugmyndum þess tíma um þjóðmenningu og hlutverk þjóðtungunnar. Frumkvöðlar rómantískrar þjóðernisstefnu, ekki síst meðal þýskra heimspekinga, töldu upprunaleg tungumál, sem höfðu þroskast óspillt af erlendum áhrifum meðal alþýðufólks, hinn eina sanna grunn þjóðernisins. Einungis slík tungumál voru sannarlega lifandi og rótföst í því umhverfi sem þjóðin bjó í, og reyndar hélt þýski heimspekingurinn Johann Gottlieb Fichte því fram að þær þjóðir einar gætu talist þjóðir sem töluðu upprunaleg tungumál (Guðmundur Hálfdanarson 2001:17–25). Viða má greina enduróm slíksra kenninga í hátíðarræðum íslenskra stjórnámalamanna, ekki síst á stundum sem tengdust sigrum í sjálfstæðisbaráttunni. „Menningu lærir engin þjóð af annarri“, sagði Gylfi P. Gíslason t.d. í Háskólabíói þegar hann tók við fyrstu

handritunum í apríl 1971. „Hún breytist, og svo á að vera. En rót hennar er enn hin sama. Þess vegna er eðli hennar óbreytt og mun verða.“ Síðan spurði menntamálaráðherrann hver væri uppruni íslenskrar menningar. „Hvað yljaði fátæku fólk á löngum kvöldum í köldum hreysum um margar aldir? Það voru þær sögur og þau ljóð, sem til forna höfðu verið skráð á skinn og gengu mann frá manni. Í þeim lifði tunga forfeðranna. Það varðveittist það þjóðerni, sem orðið hafði til á þeirri eyju, sem hlaut nafnið Ísland“ (Þið hafið drýgt dáð 1971). Handritin sönnuðu því ekki aðeins tilvist íslenskrar þjóðar þegar á fyrstu öldum byggðar, heldur mynduðu þau þráðinn sem tengdi nútímaþjóðina við fortíðina og réttlættu með því kröfur Íslendinga til að teljast þjóð með þjóðum (sbr. Gísli Sigurðsson 1996).

Að síðustu höfðu formbókmennntirnar lengi verið Íslendingum kennimark um hvers þjóðin væri megnug ef hún yrði frjáls undan oki erlendrar stjórnar. Handritin þóttu sýna að á gullöldinni hafi landsmenn borið af nágörnum sínum í ritlist og fáir efuðust um að sá andi sem bjó í bókfellinu lifði enn með þjóðinni. „Pegar Íslendingar glötuðu frelsi sínu á þrettándu öld, hnignaði andlegu lífi í landinu“, skrifar Jónas Jónsson frá Hriflu í formála áttunda bindis *Sögu Íslendinga*, en það þýddi ekki að eðliseinkenni þjóðarinnar hefðu breyst; „þrátt fyrir margháttáðan mótgang var sögu- og bókmenntahneigð Íslendinga svo vakandi í hugum fólksins, að rithöfundareðli landsmanna var að vísu beygt um langa stund, en aldrei brotið“ (1950:VII). Á tímum vaxandi sjálfstæðis brýndu slíkar hugmyndir þjóðina til dáða: „Það sem þjóðin áður var, það getur hún að vonum aftur orðið. ... Hún getur enn komist í fremstu röðina og lagt sinn drjúga skerf til alheimsmenningarinnar, því enn lifir andi feðranna inst í brjóstum landsins barna“ (Jón Jónsson 1903:256). Formbókmennntirnar vöktu einnig athygli útlendinga á íslenskri menningu og því var Íslendingum mjög óljúft að deila heiðrinum af sögunum með öðrum. „Sá orðstír, sem Ísland vann með menningarafreki sínu á miðöldum, mun aldrei deyja“, fullyrti Helge Larsen, menntamálaráðherra Dana, við afhendingu handritanna, og féllu þau ummæli eðlilega í mjög góðan jarðveg meðal Íslendinga (Sá orðstír 1971; Orðstír íslenzks menningararfs 1971).

Handritin og fornbókmennntirnar voru þar með allt í senn helstu heimildirnar fyrir uppruna íslenskrar þjóðmenningar, ástæðan fyrir varðveislu hennar um aldir, þráðurinn sem tengdi þjóðina við rætur sínar og helsta menningarafrek Íslendinga. Krafan um endurheimt handritanna var fyrir Íslendingum ekki síst baráttu um eignarhald á bókmenntunum sem þau geymdu og þar með miklu meira en deila um hvar handritin skyldu varðveitt. Því þarf

ekki að koma á óvart að Íslendingar tóku fjarri tillögum sem Julius Bomholt, þáverandi menntamálaráðherra Dana, kynnti um flutning hluta handrita í dönskum söfnum til Íslands árið 1954, enda þótt þær væru um margt Íslendingum hagstæðar (Sigrún Davíðsdóttir 1999:151–206). Samkvæmt þeim var gert ráð fyrir að íslensk handrit í Danmörku teldust sameiginleg eign Dana og Íslendinga, og skyldu þau skiptast þannig að handrit sem þóttu fjalla að mestu um Ísland og Íslendinga varðveittust á Íslandi en önnur í Danmörku. Mörgum Dönum þótti þessi tillaga, sem Hans Hedtoft, forsetisráðherra Dana og samfloksmaður Bomholts, kallaði „kólumbusareggjóð“, snilldarlausn á handritadeilunni, en á Íslandi var henni mótmælt nær einum rómi. Þing og þjóð virtust algerlega sameinuð að baki ríkisstjórn Íslands sem álykti „að hugmyndin um sameign handritanna geti ekki orðið samkomulags grundvöllur til lausnar handritamálinu, þar sem slík sameign mundi gersamlega brjóta í bága við þjóðartilfinningu Íslendinga og skilning þeirra á handritamálinu ...“ (Sameign handritanna 1954). Formleg viðurkenning á sameiginlegri eign handritanna með Dönum jafngilti í hugum Íslendinga að þeir afsöluðu sér hluta af einkaeign sinni á bókmenntafrinum í hendur Dönum, og það kom ekki til greina. „Íslendingar telja sig eiga handritin með sama réttinum og þeir eiga tign og fegurð Fjallkonunnar og Danir eiga „et yndigt Land““, sagði Ólafur Thors um tillöguna, og þar með var hún útraðd af Íslendinga hálfu (Íslendingar telja sig eiga handritin 1954; Sigrún Davíðsdóttir 1999:184–186).

Vandinn við þessa röksemdafærslu var ekki síst sá að Íslendingar vissu vel að þeir áttu afar erfitt með að fá eignarrétt sinn á handritunum viðurkenndan fyrir dómstólum og reyndar virtist fátt benda til þess að kröfur þeirra stæðust nokkur formleg lög (sbr. Ólafur Lárusson 1945:5). „Að alþjóðlegur dómstóll dæmdi Dani til að skila okkur handritunum? Jú, kannski, ef dómstóllinn væri skipaður Svertingjum, Aröbum og Indverjum“, varð einum greinarhöfundi dagblaðanna að orði, og mátti af þessari athugasemd ráða að honum þætti slíkt réttlæti ekki mikils virði (Björn O. Björnsson 1954). Af þessum sökum höfðu fyrstu kröfur Íslendinga um skil gagna úr Árnasafni einungis varðað þau handrit og skjöl sem Árni Magnússon taldist sannanlega hafa fengið að láni (*Alþingistíðindi* 1907–1908 A:1149 og B:2883–2890; Sigrún Davíðsdóttir 1999:25–35), en ekki þótti gerlegt að krefjast „aftur þeirra hluta, sem vitanlegt er um, að hafa verið gefnir Árni Magnússyni af rjettum eigendum“ (*Alþingistíðindi* 1924 C:41). Kröfur Íslendinga hörðnuðu reyndar er frá leið, og alþingishátfðarárið fóru þingmenn fram á að öllum þeim bókum í dönskum

söfnum „sem eru hugsaðar og samdar af hérlandum mönnum, skrifaðar á Íslandi og varðveittar á Íslandi lengur eða skemur“ yrði skilað til síns heima, enda væri uppruni þeirra „íslenzkur … að öllu leyti“ (*Alþingistíðindi* 1930 B:145, sbr. A:1464). Krafan um að fá „Árnasafn heim“ var ítrekuð árið 1938, í tilefni tuttugu ára fullveldisafmælis Íslendinga, en enn efuðust menn um hinn lagalega rétt til handritanna. Allir Íslendingar voru þess fullvissir, sagði flutningsmaður tillögunnar, Gísli Sveinsson, „að það sé réttur Íslendinga, að þessum hlutum verði skilað“, en það þýddi ekki að réttarstaða Íslendinga væri óumdeild:

„Rétturinn“ er að sjálfsögðu um ýmislegt af þessu lagalegur, svo sem réttur vor ávallt var til sjálfstæðis þjóðarinnar, en hitt má vera, að það út af fyrir sig dugi ekki ætíð til fulls, er út í mál er komið við aðrar þjóðir. Fyrir því er samninga- og samkomulagsleið farin, því að hitt orkar ekki tvímælis, að siðferðislegur réttur, menningarlegur réttur þjóðarinnar er, að því verði fullnægt, sem hér er farið fram á. (*Alþingistíðindi* 1938 D:28–29, sbr. A:530–531)

Réttaróvissan í handritamálinu gerði það að verkum að Íslendingar voru mjög upp á Dani komnir um lausn deilunnar. Gátu þeir í raun lítið annað gert en að hvika hvergi frá ýtrrustu kröfum sínum í þeirri von að Danir viðurkenndu á endanum meintan siðferðisrétt Íslendinga. Pégars til kom voru það líka Danir sem bundu enda á handritadeiluna með lögum sem upphaflega voru samþykkt með miklum meirihluta á þjóðþingi þeirra árið 1961 og endanlega staðfest með dómi í hæstarétti Danmerkur árið 1971. Lausnin var mjög í sama anda og tillögur Bomholts frá árinu 1954, en með lögunum var Árnasafni skipt þannig upp að hin íslenska Árnastofnun fékk þau handrit til varðveislu sem fjölluðu um Íslendinga og íslensk málefni, auk skinnhandrita úr Konunglegu bókhlöðunni sem fóllu undir sömu skilgreiningu.²

Það kann að virðast underlegt að Íslendingar hafi fagnað þessari lausn handritadeilunnar, ekki síst þegar þess er gætt að hún var næsta keimlík þeirri sem þeir höfðu hafnað einróma nokkrum árum fyrr. Á þeim var þó sá regimunur að hin endanlegu lög kváðu ekki á um eignarhald á handritunum og þar með gátu Íslendingar tekið við þeim sem lögmætri eign sinni, á meðan Danir

² Flateyjarbók og Konungsþók eddukvæða, sem hefðu átt að sitja eftir í Kaupmannahöfn eftir strangasta skilningi laganna, voru afhent samkvæmt sérstökum lagaákvæði, enda gátu Íslendingar ekki fallist á handritaskilin nema þau fóllu þeim í hlut (Einar Ól. Sveinsson 1960; Sig-rún Davíðsdóttir 1999:272–290).

afhentu hluta handritasafna sinna sem gjöf. Þetta var afar viðeigandi endir á sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, vegna þess að lausn handritadeilunnar var í nákvæmlega sama anda og niðurstaða annars af viðkvæmustu ágreiningsmálum Íslendinga og Dana í sjálfstæðisbaráttunni, þ.e. fjárhagsskilnaðar landanna. Pannig ákváðu Danir með stöðulögum árið 1871 að greiða Íslendingum árlegt tillag úr ríkissjóði svo að þeir gætu rekið íslenska stjórnkerfið, enda virtist dönskum stjórnvöldum að ástand landsins væri með þeim hætti að Íslendingar væru ófærir um að standa straum af því upp á eigin spýtur. Íslendingar tóku þessu gjaldi Dana þó aldrei sem ölmusu, heldur voru þeir sannfærðir um að Danir hefðu fallist á reikningskröfur Jóns Sigurðssonar um endurgreiðslu vegna aldalangrar kúgunar á Íslendingum (sbr. Halldór Hermannsson 1929:1; Einar Ólafur Sveinsson 1959:8–9).

3. Handritin og danskt þjóðerni

Afstaða Íslendinga til handritamálsins einkenndist af því að þjóðin sameinaðist í kröfunni um endurheimt handritanna, á líkan hátt og gerist jafnan þegar Íslendingum finnst hagsmunum sínum ógnað af erlendu valdi. Í Dánmörku horfði handritadeilan allt öðru vísi við, vegna þess að dönsk þjóðarvitund og þjóðerniss Stefna var mun flóknari og umdeildari en hin íslenska. Óhætt er að fullyrða að málið hafi fyrst komist á hreyfingu á meðal Dana skömmu eftir síðari heimsstyrjöld þegar allstór hópur skólastjóra danska lýðskóla, undir forystu C. P. O. Christiansens í Fredriksborg højskole, sendi opið bréf til dönsku ríkisstjórnarinnar og ríkisþingsins undir yfirskriftinni „Giv Island sine Skatte tilbage“. Tónninn í bréfinu var afar vinsamlegur í garð Íslendinga, enda þótt bréfritrar hafi tekið sérstaklega fram að Íslendingar ættu engan lagalegan rétt til handritanna. Niðurstaða bréfsins, sem birtist í málagni lýðskólahreyfingarinnar, *Højskolebladet*, í lok febrúar árið 1947, var sú:

að þessi handrit eigi öll að afhenda Íslendingum nú við allsherjarskipti félagsbúsins milli þjóða vorra. Vér eignum að láta þau af hendi, vegna þess að allur siðferðilegur réttur er Íslands megin, vegna þess að í vísindaskyni hljóta þau að verða bezt hagnýtt á Íslandi, og vegna þess að vér viljum uppfylla innilegustu ósk annarrar norrænnar þjóðar og getum það án þess að missa neins í sjálfir, hvorki vísindalega né þjóðlega. (Skilið Íslendingum 1947:25; sbr. Giv Island 1947 og Sigrún Davíðsdóttir 1999:75–77)

Afstaða lýðskólastjórnar til handritamálsins byggðist á rótgrónum við-horfum lýðskólahreyfingarinnar til danskeys þjóðernis, og reyndar til stöðu þjóðernis almennt í alþjóðasamskiptum — og þá sérstaklega í samstarfi Norðurlandaþjóðanna. Þjóðernisstefnu hreyfingarinnar var beint gegn þeim „heimsveldissinnaða anda“ sem talsmenn hennar töldu hafa einkennt danska konungsríkið á fyrri tíð, en í hans stað vildu þeir vinna að mótu nýrrar Danmerkur og nýrra Norðurlanda, sem væru reist á vilja fólksins og skilningi frændþjóðanna á milli. Handritamálið var ekki aðeins dönsk-íslensk deila, skrifaði rithöfundurinn og fyrirlesarinn Jørgen Bukdahl, sem var tengdur lýðskólanum í Askov um áratuga skeið, af því að nauðsynlegt var að líta á hana „i Forbindelse med de nynordiske Bestræbelser, der gaar ud paa en gensidig Forstaaelse paa Nationalprincippets Grund“. Pessi nýnorraðna við-leitni gekk út á að afmá þau spor sem valdabarátta hinna tveggja gömlu herrarsíkja Norðurlanda, Danmerkur og Svíþjóðar, höfðu markað í hugum íbúanna, og leiða þau á braut gagnkvæms skilnings og samstarfs (1957:66). Hinn nýi norraðni samstarfsandi byggðist alls ekki á hugmyndum skandínavista 19. aldar, sagði Bukdahl, vegna þess að markmið skandínavismans var sameining Norðurlanda í eitt ríki frekar en samvinna sjálfstæðra þjóða. Þvert á móti var nýnorraðni stefna lýðskólanna í beinni andstöðu við „skandinavismens romantiske, dynastiske og også militære enhedsbestræbelser“, enda gengu forystumenn þeirra út frá því að sundrung Norðurlandanna í mörg þjóðríki væri í raun undirstaða samstöðu þeirra í nútímanum. Markmiðið væri því ekki „sammenrøring af de nordiske folk, men en brobygning over modsætningerne, en gensidig forståelse, der gik i bunde angående denne nationale bevidsthedsgørelse ...“ (1971:187, sbr. 1956:348–356; Bjarni M. Gíslason 1958:156–159). Fulltrúar lýðskólahreyfingarinnar litu greinilega á handritamálið og lausn þess sem mikilvægan áfanga á þessari ferð norraðu þjóðanna inn í nýja tíma, eða eins og Poul Engberg lýðskólastjóri orðaði það að deilunni lokinni:

Håndskrifternes udlevering fra Danmark til Island måtte begrundes med dette syn, ud fra hvilket nordisk forståelse og samarbejde måtte bygge på fri ligestilling og ligeret for alle nordiske nationer. Den gamle „imperialistiske“ Kalmarmagt Danmark måtte opgive enhver overordnet rolle i Norden og som udtryk for den folkelige ligestilling mellem Danmark og Island række islændingene håndskrifterne som gave. (1978:8–9)

Trúlega lagði enginn jafnmikið af mörkum í baráttu lýðskólahreyfingarinnar í handritamálínu og rithöfundurinn Bjarni M. Gíslason, en hann bjó í Danmörku allt frá því er hann kom til náms við lýðskóllann í Danebod á eyjunnini Als og síðar í Askov á 4. áratug síðustu aldar. Í Danmörku kynntist hann bæði C. P. O. Christiansen og Jørgen Bukdahl, og hvattí þá óspart til að kynna sér handritakröfur Íslendinga og tengja þær hugsjónum sínum um hina nýnorðrænu stefnu (Engberg 1978; Slumstrup 1988:239–242). Þess ber þó að geta að áhugi lýðskólamanna á íslenskum bókmennatarfi var engin nýlunda, vegna þess að guðfaðir lýðskólahreyfingarinnar, 19. aldar presturinn, skáldið og stjórnmálamaðurinn N. F. S. Grundtvig, fjallaði oft um íslenskar fornþókmennir og trúði staðfastlega á þátt þeirra í mótu norrænnar sjálfsmýndar. Hann leitaði því í eddukvæði og Íslendingasögur til að sýna fram að dönsk þjóð væri ekki fyrst og fremst þýskur græðlingur, heldur ætti hún rætur í ævagamalli norrænni menningu — „*Danskerne* er en Gren paa det *høinordiske* Stamtræ og ei et *Vandskud* paa det *Høityske*“, eins og hann orðaði það eitt sinn (Lundgreen-Nielsen 1992:139). Bókmennir miðalda á Íslandi, sem urðu til á heimilum sjálfseignarbænda, skrifanda Grundtvig, varðveittu hinn upprunalega norræna anda, sem annars var að mestu týndur í myrkri gleymeskunnar. Því máttu Danir

takke de Islandske Bøger næsten for alt det Nordiske Liv, der er opkommet i os ... Dette er da i Korthed Islændernes Fortjeneste af os og hele Norden, og jeg tør lægge til af hele Menneske-Slägten, at de med stor Opoffrelse saa længe mueligt fortsatte det Nordiske Menneskeliv i Middelalderen og opholdt det hos os, at de dernæst beskrev eller rettere afmalede det mesterlig i Bøgerne, giemde paa dem selv i den mørkeste og dødeste Tid og hjelpe os endnu til at forstaae dem. (Lundgreen-Nielsen 1992:76)

Á vissan hátt gengu rök af þessu tagi þvert gegn tilraunum íslenskra fræðimanna til að túlka fornþókmennirnar sem sérlenska eign og handritin þar með sem íslenska menningararfleifð frekar en norræna. En lýðskólamenn gátu fyllilega unnt Íslendingum þess að eignast handritin, vegna þess að þeir töldu að aðeins á Íslandi væru fornþókmennirnar í lifandi tengslum við menningu þjóðarinnar. Sögurnar urðu til í frásagnarheimi alþýðunnar og geymdust í rínum og upplestri í baðstofum, fullyrti Jørgen Bukdahl í ritgerð um handritamálið, og því var þráðurinn frá ritunartíma sagnanna og nútímans óslitinn. Á Íslandi hafði:

Oldtidsarven ... været levende, ikke mindst hos Folket, lige til vore Dage. Her er ikke Tale om Guldhorn i Mulde, altsaa som nævnt ikke om Romantik, der bl. a. betyder at tage en forsømt Udvikling op, saadan sem det skete i Nordens andre Lande. Det er derfor, Manuskriptsagen er en folkelig-national Sag ... (1957:63–64)

Hér tengir Bukdahl handritadeiluna við eina af uppáhaldskenningum lýðskólahreyfingarinnar um eðli og uppruna þjóðernis. Kjarni hennar er sá að hver menningarheimur myndi eins konar lifandi einingu, sem þróast og þroskast frá sameiginlegum uppruna til samtíðar. Bukdahl bendir á að íslensk menning sé sprottin úr mjög fjölbreyttum jarðvegi, þar sem saman komu klassísk áhrif að sunnan, norræn áhrif og einnig írsk, en það sem máli skipti var að frá því um árið 1000 til nútímans hafi menningin myndað „en fast sammenhængende kultur, fastere i sin udvikling end noget andet nordisk lands“ (Bukdahl 1956:38). Greinilega er mikill samhljómur með þessum orðum og kenningum Sigurðar Nordals um samhengið í íslenskum bókmenntum (sbr. Sigurður Nordal 1996), en ólíkt Sigurði rekur Bukdahl hugmyndina beint til uppsprettunnar, þýska hugmyndasmiðsins Johanns Gottfrieds Herders — þjóðirnar eru eins og stólpars, sem hverjum er ætlað að standa einn og sér, en saman bera þeir uppi brúna sem tengir mannkynið allt (1956:351).³ Orð Bukdahls vísa því langt út fyrir deili um afdrif gamalla skinnbóka í dönskum söfnum og beint að kjarna gamallar menningardeilu í Danmörku. Bent A. Koch, aðalritstjóri *Kristeligt Dagblad* og einn helsti bandamaður Íslendinga í handritamálinu meðal Dana um árabil (sbr. Sigrún Davíðsdóttir 1999:220–232), orðaði þetta þannig að í baráttunni um handritin hafi birst á áhugaverðan hátt gamall klofningur í dönskum stjórnámum og menningarlíf, þar sem tókust á afkomendur þjóðernisfrjálslyndismanna („de nationalliberale“) — en þar átti hann við menningaryfirstétt höfuðborgarinnar, prófessora við háskólanu, vísindamenn og íhaldsmenn („en hob imperialister og koloni-undertvingere eller vidskabsegoister“ kallaði rithöfundurinn Jens Kruuse andstæðingana í handritamálinu (1965))⁴ — og sameinuð fylking lýðskóla-fólks, „det folkelige Danmark“, þar sem saman kom sá hluti Vinstriflokkssins og Róttæka vinstri flokkssins sem átti rætur í lýðskólunum, verkalýðshreyf-

³ Um áhrif Herders á hugmyndir Grundtvigs um þjóðerni og „folk“, sjá m.a. Engberg 2001: 54–65.

⁴ Kruuse mun einnig hafa uppnefnt þennan hóp „lommeimperialister“ og var því heiti oft haldið á loft í greinum um handritamálið (Hammerich 1977 og Koch 1981).

ingin og nokkrir borgaralegir hugsjónamenn (Koch:1981). Þessi menningardeila átti rætur í því uppgjöri sem varð í landinu á síðari hluta 19. aldar í kjölfar stríðanna um Slésvík-Holtsetaland og snerist ekki síst um stöðu almúgans í ríkinu og afstöðuna til danske konungdæmisins á fyrri tíð. Þjóðernisfrjálslyndismenn sem, með orðum eins helsta forystumanns þeirra á 5. og 6. áratug 19. aldar, Orla Lehmanns, sameinuðu „de Begavede, de Dannede og de Formuende“ í Danmörku, eða „Aand, Indsigt og Rigdom“ (Stangerup 1946:12), litu á sig sem eðlilega leiðtoga þjóðarinnar í krafti menntunar sinnar, hæfileika og auðs. Í upphafi voru þeir fulltrúar nýrra tíma, upplýsingar, einstaklingshyggju og lýðræðis, í andstöðu við einveldi konungs, en á síðari hluta 19. aldar tóku þeir höndum saman við fulltrúa ríkisvaldsins í vörn gegn lýðræðishugmyndum lýðskólanna og bændahreyfingarinnar (Stangerup 1946:11–60; Bukdahl 1965).

Að hluta til snerust þessi átök um menningarlegt vald í Danmörku, og deilan um íslensku handritin snerti þann þátt þeirra beinlínis. Helstu andstæðingar Íslendinga í handritadeilunni komu úr röðum háskólakennara og safnamanna, og þar með varð handritamálið, að álti lýðskólamanna, sjálfkrafa að átökum á milli „sérfræðingaveldis“ og „dansk folkelighed“. Ef litir er á handritadeiluna í heild, skrifar Poul Engberg um þessa hlið deilunnar, „forstår man, at den *folkelige målsætning* stadig er aktuel. I stigende grad går det op for folkene, at det er nødvendigt med en frigørelse fra de lærdes, fra eksperternes og teknokraternes tyranni“ (1978:21). Handritamálið snerti þó dönsk menningarátök með mun viðtækari hætti, vegna þess að deilan um staðsetningu handritanna spratt ekki síst af mismunandi skoðunum manna á eignarhaldi á menningarminjum og uppruna þjóðernis. Þeir sem vildu synja Íslendingum um handritin höfnuðu því alfarið að þau geymdu sérstakan íslenskan þjóðararf, og neituðu því þar með að þau teldust eitthvað frekar menningar-eign Íslendinga en Dana. „Det er vist en almindelig forestilling, at håndskrifter på oldnorsk-islandske er islandske nationalspecialiteter“, skrifaði prfessor Kåre Grønbech af þessu tilefni árið 1952. „Intet kunne være mere fejlagtigt. De håndskrifter, det her drejer sig om, sagaer, eddaer og dokumenter, er, ved siden af arkæologernes jordfundne skatte, fundament for alt, hvad vi ved om vor egen folkestammes oldhistorie, og det fundament er fælles for os alle, danskere, nordmænd, svenskere, færinger og islaender“ (Grønbech 1966). Þessi röksemld byggðist á tveimur meginforsendum: Í fyrsta lagi litu þeir sem þannig þenktu svo á að skipting Norðurlandabúa í þjóðir, í okkar skilningi þess orðs, væri nútímafyrirbrigði og lítið réttlæti fælist í því að deila hinum

norræna arfi út eftir pólitískum línum seinni tíma (Hjelmslev 1961; sbr. *Betækning* 1951:89). Í öðru lagi, og þessu tengt, höfnuðu þeir því að fornþókmenntirnar hefðu aðeins lifað í sinni Íslendinga, vegna þess að efni þeirra hefði verið dönskum skáldum og rithöfundum yrkisefni ekkert síður en íslenskum. Á þann hátt höfðu Danir haldið bókmenntaarfínum á loft og „ogsaa holdt Berøringen med den svundne Tids Aandsværker vedlige“ (Rubow 1953:4; sbr. Jacobsen 1946, Brøndsted 1965 og Westergaard 1965). Práðurinn sem tengdi fornþókmenntirnar við nútímann — eða hið lifandi samneyti við menningu miðalda — var því að þessu leyti ekkert síður danskur en íslenskur (Sigrún Davíðsdóttir 1999:151–152 og 300–308).

Meginrök þeirra sem vildu ekki afhenda handritin voru þó ekki beinlínis á þjóðernissinnuðum nótum, enda var oft kvartað yfir því í þeirra herbúðum að deilan væri hlaðin tilfinningum frekar en að hún byggðist á skynsamlegum rökum (sjá t.d. Mortensen 1961; Islandsk forfatter 1961; Lauring 1965:10). Þeir bentu á að Árnasafn væri stofnað á grundvelli gjafar Árna Magnússonar til Kaupmannahafnarháskóla, og það væri bæði ólöglegt og ósiðlegt að breyta erfðaskrá Árna eftirá með þeim hætti sem stjórnvöld gerðu með lögumum frá 1961. Þá var gjarnan vísað til þess að ekki væri aðeins verið að afhenda Íslendingum réttmæta eign háskólans, heldur væri með þessu verið að stíga fyrsta skrefið að þjóðnýtingu allra sjálfsagnarstofnana (sjá t.d. Andersen 1961) og þar með að öllum líkindum að grafa undan allri góðri réttarvenju í Dammörku. Einnig var lögð rík áhersla á að skipting Árnasafns í tvær deildir og brotnám handrita úr Konunglegu bókhlöðunni stríddi gegn öllum gildandi reglum í safnamálum, sem gengu út á að ekki mætti rífa skjöl eða safngripi úr samhengi sínu. Að síðustu bentu andstæðingar Íslendinga á að skipting safnsins myndi eyðileggja mikilvægustu miðstöð rannsókna í norrænum fræðum í heiminum, Árnastofnun í Kaupmannahöfn, og væri það sérlega viðsjávert fyrir þá sök að íslenskir sérfræðingar væru hvorki færir um að taka við handritarannsóknum Dana né að búa um handritin á viðunandi hátt (Håndskriftprotest 1965; sbr. *Betækning* 1951:93–95, Diderichsen 1953 og Brøndum-Nielsen 1961). Sænski bókmenntafræðingurinn Lars Lönnroth spáði því árið 1965 að það myndu líða margir áratugir þar til Reykjavík gæti talist „riktigt forskningscentrum“ og því væri það álfka heimskulegt að „sända dit de gamla handskrifterna av Eddan och sagorna“ og að flytja þjóðskjalasafn Svía til Norður-Svíþjóðar (Lönnroth 1965).

Pótt danskir andstæðingar Íslendinga í handritamálina hafi stundum hvatt til þess að deilunni yrði beint úr braut þjóðernistilfinninga (Møller 1965:96),

voru þeir tæpast saklausir af slíkum kenndum sjálfir. Að baki málflutningi þeirra lá nokkuð augljós vilji til að verja heiður Danmerkur og arfleifð hins gamla danska ríkis — og það var einmitt þess vegna sem þeir voru uppnefndir „vasaheimsvaldasinnar“ af lýðskólamönnum. Afhending handritanna var þó ekki oft sett í beint samhengi við hnignun hins danska veldis, kannski vegna þess að tæpast hefur þótt viðeigandi að mæra „heimsvaldastefnu“ danska konungdæmisins þegar komið var fram yfir miðja síðustu öld — en þó má finna dæmi um slíkt. Pannig byrjar hinn kunni menningar- og trúarsagnfræðingur, Vilhelm Grønbech, eina af sínum síðustu greinum á því að harma hvernig dansk stjórnvöld höfðu, í mestu leynd, sóað danskum arfi — svo sem Jómfrúareyjum⁵ — og í hvert skipti sem land glataðist á þennan hátt „gik der en skarp smærte gennem folket“. Nú voru ennþá myrkari blikur á lofti: „Der går uhhyggelige rygter om at gode mænd, after drevet af en ædelmodig selvpogivelse, agter at udlevere vore værdifuldeste håndskrifter og arkivsager til Island“, segir Grønbech, og sársaukinn við tilhugsunina leynir sér ekki í orðum hans. Grønbech hafnaði þessum fyrirætlunum með svipuðum rökum og rakin voru að ofan, en bætti svo við: „Vore samlinger er en slægtsarv ... som vi er forpligtede til at hænde videre ned til vore efterkommere at glædes ved og arbejde med.“ Varðveisla handritanna í Danmörku varðaði því heiður ríkisins og framtíð: „Skal vor plads i fremtidens historie være en fodnote, hvor Danmark og de danske kort og godt omtales som folket der afskrev sig selv? Det er et ansvar for vore styresmænd at betænke“ (1948; sbr. Jacobsen 1946).

Pessi orð má skilja sem svo að litið hafi verið á handritin sem eina af síðustu leifum stórveldissögu Dana á tímum þegar flestar lendur danska konungdæmisins voru gengnar undan ríkinu — fyrst hvarf Noregur, þá Holtsetaland og hlutar Slésvíkur og síðan Ísland — og nú átti að tæma söfnin af þeim dýrgripum sem þar voru geymd. Söfnin minntu Dani að þrátt fyrir allt var Danmörk eitt sinn valdamiðja í stóru ríki sem dró til sín verðmæta gripi frá jaðrinum, og reyndar einnig frá fjarlægum löndum á borð við Persíu og Grikkland. Á þennan hátt var smáríkinu Danmörku skipað til sætis með stórpjóðum sem áttu svipaða fortíð, og þá ekki síst Bretlandi og Frakklandi, sem einnig þurftu að verjast kröfum um endurheimt menningarminja frá fyrrverandi nýlendum sínum og jaðarsvæðum í Evrópu. Í álti nefndar sem danska menntamálaráðuneytið skipaði árið 1947 til að fjalla um handritakröfur Íslendinga var söfnunum í Kaupmannahöfn jafnað við svipaðar stofnanir í

⁵ Hann var ekki einn um þessar tilfinningar vegna þess að svipað hafði angrað lýðskólamanninn Jørgen Bukdahl í æsku, sbr. Slumstrup 1988:86.

París, Lundúnum og Vatíkaninu, en allt voru þetta borgir sem höfðu staðið framarlega í vísindarannsóknum á þeim tíma þegar söfnin urðu til. Tilvist slíkra safna var varin með þeim almennu rökum að menning sé í eðli sínu alþjóðlegt fyrirbæri og því sé vísindunum best þjónað með því að geyma menningarminjar í stórum og miðlægum söfnum. Almenn sátt ríkti í heimi vísindanna um að skerða ekki þessi söfn, fullyrtu nefndarmenn, „ikke blot som en historisk betinget kendsgerning, men også som en faktor, der er af afgørende vigtighed for fremme af det videnskabelige arbejde, både rent praktisk og med henblik på den internationale ånd“ (*Betækning* 1951:97–99).

Sjónarmið eins og þessi urðu undan að láta í handritamálinu, enda var yfirgnæfandi meirihluti þingmanna á danska ríkisþinginu þess sinnis að Dönum bæri að afhenda Íslendingum stóran hluta íslenskra handrita í dönskum söfnum til varðveislu (Sigrún Davíðsdóttir 1999:302–308 og 335–340). Ef til vill tóku margir þingmanna þessa afstöðu vegna þess að þeim fannst handritin einfaldlega ekki það mikilvæg að þeir vildu stefna samskiptum Íslands og Danmerkur í hættu með því að þverskallast við óskum Íslendinga. En ekki er þó hægt að túlka niðurstöðu þingsins á annan hátt en þann að meirihluti þingmanna hafi viljað hafna, í eitt skipti fyrir öll, stórveldishugsjónum einveldisins. Þeir sem höfðu tengst lýðskólahreyfingunni gerðu það á forsendum sem áður hafa verið nefndar; tími var kominn til að gera upp bú einveldisins og hefja samskipti við fyrri hjálendur á nýjum grunni. Jafnaðarmenn og vinstrisósíalistar studdu kröfur Íslendinga á svipuðum forsendum, þótt þeir legðu þyngri áherslu á meinta kúgun Dana á Íslendingum á fyrri tíð en lýðskólamönnum var tamt. Eins var þróun norrænnar samvinnu mörgum jafnaðarmanninum kær, en Hans Hedtoft, forystumaður þeirra um árabil, var eins og kunnugt er einn helsti hvatamaðurinn að stofnun Norðurlandaráðs árið 1952. Í danskri sögu verður afhending handritanna í Háskólabíói í apríl 1971 því að teljast endanleg staðfesting á því að andi lýðskólanna hafði sigrað: Dammörk var evrópskt þjóðríki, sem virti óskoraðan rétt annarra þjóða til að stjórna sér sjálfar.

4. Summa jus, summa injuria⁶

Handritamálið hefur notið verðskuldaðrar athygli á alþjóðlegum vettvangi og hefur lausn þess t.a.m. verið tekin sem dæmi um „óvenju siðmenntaða og

⁶ „Hinn ýtrasti réttur er hið mesta ranglæti“, sbr. Skilið Íslendingum 1947:31.

skynsamlega gjörð“ í alþjóðasamskiptum í nýlegu fræðiriti um skil menningarminja (Greenfield 1996:12–41, 311). Það sem vekur athygli á málinu er sú staðreynd að baráttan um handritin var alls ekki einangrað fyrirbæri, enda hafa deilur um eignarhald á menningarverðmætum verið mjög áberandi í samskiptum þjóða og menningarhópa á undanförnum áratugum. Baráttá Íslendinga er því um margt hliðstæð tilraunum landa eins og Grikklands og Mexíkós til að endurheimta gripi sem ratað hafa út úr landinu inn í evrópsk og bandarísk söfn. Það er þó ekki síður niðurstaða handritamálsins sem vekur athygli, enda þykir hún bera vott um óvenjulega sáttfýsi af hálfu deiluaðilja, þrátt fyrir þær heitu tilfinningar sem undir kraumuðu hjá þeim báðum.

Sú ósk hefur því heyrst að handritamálið megi þjóna sem fyrrmynd fyrir aðrar þjóðir sem eiga í svipuðum deilum (Vésteinn Ólason 2002:7). Ekkert bendir til þess að slíkt hafi gerst í ríkum mæli enn sem komið er, og þá ekki einu sinni á Norðurlöndum. Benda má í því sambandi á nýlega grein í tímariti norrænna safnamanna eftir Monika Minnhagen-Alvsten, deildarstjóra hjá embætti þjóðminjavarnar Svíþjóðar, um það sem hún nefnir „återförande av kulturarv till dess ursprungslass“. Par hvetur hún til þess að hvert slíkt mál sé athugað sérstaklega, en andi greinarinnar er þó mjög í sama stíl og málflutningur danska andstæðinga afhendingar íslensku handritanna. Kröfur um skil menningarminja einkennast oft af tilfinningum frekar en „grundläggande fakta“, segir Minnhagen-Alvsten (2002:50), og hljómar sú fullyrðing óneitanlega kunnuglega. Í greininni ræðir hún sérstaklega kröfur, m.a. frá Tékkum, um skil á bókum og handritum sem Svíar tóku herfangi á meginlandi Evrópu á 17. öld, en hún segir sánkt fagfólk almennt hafa verið sammála um að hafna slíkum hugmyndum. Þessir gripir eru ekki þýfi, fullyrðir hún, „och de har spelat en ovärderlig roll för Sveriges kulturella utveckling. De har funnits här så länge i landet att de har blivit en del i vårt kulturarv“ (2002:50).⁷

Hvað íslensk handrit í dönskum söfnum varðar fer vart á milli mála að þau voru ennþá síður þýfi en umrætt herfang Svíð, og efni þeirra hafði sannarlega sterkt áhrif á þróun danskrar menningar, í það minnsta fram á fyrra hluta 20. aldar. Málflutningur Íslendinga og stuðningsmanna þeirra í Danmörku í

⁷ Það er athyglisvert að greinin er byggð á erindi sem flutt var á ársfundi samtaka norræns safnafólks sem haldinn var á Íslandi árið 2002, þar sem fjallað var um ýmsar hliðar afhendingar menningarminja. Þar fjölluðu Vésteinn Ólason og Birgitte Kjær um handritamálið frá íslenskum og dönskum sjónarhlóli, og voru bæði sammála um að niðurstaða málsins hefði verið hin farsælasta (Vésteinn Ólason 2002 og Kjær 2002).

handritamálinu hefði því tæpast bitið á sænskt fagfólk. Slík tregða safnafólks til að skila gripum í þess vörslu er líklega að nokkru leyti byggð á svipuðum tilfinningum og kröfur þjóða um „endurheimt“ minja sem þær hafa misst til annarra — safnið, tákn þess og innihald, verður að eins konar ramma sjálfsmyndar fyrir safnamanninn, á sama hátt og þjóðin og þjóðmenningin er fyrir Íslendinginn, Danann, eða hvern þann sem telur sig hluta af ákveðinni þjóð eða þjóðernishópi. Áhugi fer þó vaxandi á þeim álitamálum sem tengjast flutningi menningarminja sem streyma stöðugt frá fátækari löndum til hinna ríkari, eða frá hinum valdaminni til hinna valdameiri. Þetta leiddi til þess að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, samdi sérstakan sáttmála árið 1970 um leiðir til að koma í veg fyrir ólöglegan flutning og sölu menningarminja (*cultural property*) á milli landa (Convention).⁸ Þessi sáttmáli á greinilega ekki við um handritamálið, bæði vegna þess að hann telst ekki afturvirkur (sbr. Seligman 1989:78) og vegna þess að hann er gerður af ríkjum og tekur því ekki beinlínis til menningarminja sem fluttar eru til innan þeirra, en Ísland og Danmörk tilheyrðu sama ríki þegar handritunum var safnað. Sáttmálanum er þó ætlað að koma í veg fyrir söfnun á borð við þá sem fram fór á Íslandi á 17. og 18. öld, þegar stór hluti íslenskra skinn- og pappírshandrita var fluttur úr landi, og söfnun Árna Magnússonar og handritasendingar Brynjólfss búskups Sveinssonar hefðu því að öllum líkindum talist bæði ólöglegar og ósiðlegar ef þær hefðu átt sér stað nú á tínum.

Þegar allt kom til alls voru Íslendingar þó upp á góðvild Dana komnir í handritamálinu vegna þess að þeir áttu enga lagalega heimtingu á handritum og siðferðislegur réttur gildir einungis í máli sem þessu ef báðir aðiljar þess eru sammála um þær reglur sem eiga að gilda við lausn deilunnar. Það var gæfa Íslendinga að meðal Dana voru þau pólitísku öfl ráðandi sem vildu einmitt hverfa frá ýtrasta rétti sínum, vegna þess að þau höfnuðu hefðum hins gamla einveldis. Afstaða Dana til handritamálsins er því mjög athyglisvert dæmi um það hvernig nútímaþjóð gerir upp fortíð sína og sögu, þ.e.a.s. endurskoðar minningar þjóðarinnar í því skyni að skapa henni nýja sjálfsmynd. Deilan sýnir einnig vel hvernig Íslendingar ráku mál sem snerti kjarna þjóðernisvitundar þeirra. Þeir voru fullkomlega ósveigjanlegir í formlegum kröfum sínum til handritanna — þau voru *íslensk* eign og Íslendingar voru því ófáanlegir að deila þeim með öðrum. Aftur á móti reyndust íslensk stjórnvöld afar sveigjanleg þegar viðunandi lausn var fundin og

⁸ Af einhverjum ástæðum eru Íslendingar ekki ein þeirra 99 þjóða sem skrifða hafa undir sáttmálann (sbr. Convention).

samþykktu orðalaust að skipta handritunum þannig að verulegur hluti þeirra varð eftir í dönskum söfnum.

Með lausn handritamálsins tryggðu Danir sér velvild Íslendinga og fannst sumum andstæðingum stjórnvalda þar í landi vinsældirmar dýru verði keyptar. Um leið breyttust viðhorf Íslendinga til fyrrverandi herraþjóðar verulega; á meðan „sjálfstæðisbaráttan var í algleymingi var margt misjafnt sagt um Dani meðal Íslendinga; en eftir heimkomu handritanna hljóðnuðu þær raddir gersamlega og kveður nú mjög við annan tón. Nú heyrist oft sagt að engin þjóð nema Danir hefði sýnt það drengskaparbragð að láta slíkar gersemar af hendi. Og það er víst að slíkur atburður hefur aldrei gerst í skiptum þjóða nokkursstaðar í veröldu“ (Jónas Kristjánsson 1979:56). Á þann hátt lauk sjálfstæðisbaráttu Íslendinga gegn Dönum, þótt handritamálið drægi hvergi úr vilja Íslendinga til að verja sjálfstæði sitt gegn öðrum þjóðum.

HEIMILDIR

- 15000 manns fögnumuðu handritakomunni við Reykjavíkurhöfn. 1971. *Morgunblaðið* 22. apríl.
- Alþingistíðindi* 1907. 1907–1908. Gutenberg, Reykjavík.
- Alþingistíðindi* 1924. 1924. Gutenberg, Reykjavík.
- Alþingistíðindi* 1930. 1930. Gutenberg, Reykjavík.
- Alþingistíðindi* 1938. 1938. Gutenberg, Reykjavík.
- Andersen, Poul. 1961. Bemærkninger om Stiftelsers Ejendomsret i Anledning af Drøftelserne om Udlevering af Haandskrifter til Island. *Ugeskrift for Retsvæsen. Afdeling B. Juridiske afhandlinger, meddelelser m.m.* 13. maí; bls. 149–151.
- Arngrímur Jónsson. 1985 [1609]. *Crymogæa. Pættir úr sögu Íslands*. Sögufélag, Reykjavík.
- Betænkning vedrørende de i Danmark beroende islandske håndskrifter og museumsgenstande*. 1951. J. H. Schultz, København.
- Bjarni M. Gíslason. 1958. *Íslensku handritin*. Jónas Kristjánsson þýddi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Björn O. Björnsson. 1954. Hvað viljum við í handritamálinu? *Morgunblaðið* 17. mars.
- Bogi Th. Melsteð. 1914. Töldu Íslendingar sig á dögum þjóðveldisins vera Norðmenn? *Afmælisrit til dr. phil. Kr. Kålunds bókavarðar við safn Árna Magnússonar* 19. ágúst 1914, bls. 16–33. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn.
- Brøndsted, Mogens. 1965. Den norrøne tradition i dansk digtning. *Islandske håndskrifter og dansk kultur*, bls. 29–48. Det kongelige bibliotek, København.
- Brøndum-Nielsen, Johs. 1961. Hvor staar vi nu i Haandskriftsagen? *Berlinske Aftenavis* 28. júlí.
- Bukdahl, Jørgen. 1956. *Nordisk digtning fra oldtiden til vore dage*. Arnkrone, Odense.
- Bukdahl, Jørgen. 1957. Manuscriptsagen og Norden. *Island—Danmark og håndskriftsagen*, bls. 54–69. Askov Boghandel, Askov.

- Bukdahl, Jørgen. 1965. Fakta om de islandske håndskrifter. Sérprent úr *Flensborg Avis*.
- Bukdahl, Jørgen. 1971. *Folkelighed og eksistens*. Gyldendal, København.
- Byock, Jesse L. 1993. Pjóðernishygga nútímans og Íslendingasögurnar. *Tímarit Máls og menningar* 54:36–50.
- Convention on the Means of Prohibiting and Preventing the Illicit Import, Export and Transfer of Ownership of Cultural Property. United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. http://www.unesco.org/culture/laws/1970/html_eng. 19. júní 2003.
- Diderichsen, Paul. 1953. De islandske håndskrifters betydning for dansk videnskab – dansk videnskabs betydning for de islandske håndskrifter. *Edda og saga. Nationalmuseet 17. januar – 8. februar 1953*, bls. 5–11. Ejnar Munksgaards forlag, København.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1959. *Handritamálið*. Hið íslenzka bókmennatafélag, Reykjavík.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1960. Skýrsla til ríkisstjórnar Íslands um handritamálið, dags. 22. apríl. Pjóðskjalasafn Íslands. Skjöl menntamálaráðuneytis. 1989. B/419. Handritamálið 1959–1966.
- Engberg, Poul. 1978. *De islandske håndskrifter og dansk folkelighed*. Foreningen Fri nordisk folkhøjskole, Ry.
- Engberg, Poul. 2001. *Nationalisme eller folke-lighed*. Poul Kristensens forlag, án útgáfustaðar.
- Fakta om de islandske håndskrifter*. 1964. København.
- Fortíðin er komin heim. 1971. *Vísir* 21. apríl.
- Giv Island sine Skatte tilbage. Et aabent Brev til Regering og Rigsdag fra danske Højskoleforstandere. 1947. *Højskolebladet* 9:97–100.
- Gísli Sigurðsson. 1996. Icelandic National Identity: From Romanticism to Tourism. *Making Europe in Nordic Contexts*, bls. 41–76. Pertti J. Anttonen ritstj. NIF Publications no. 35, Turku.
- Grønbech, Kåre. 1966 [1952]. I dag håndskrifterne – hvad bliver det næste? *Berlinske Aftenavis* 4. maí.
- Grønbech, Vilhelm. 1948. Danmark afskriver. *Frie ord* 3:1–3.
- Guðmundur Hálfdanarson. 2001. *Íslenska pjóðríkið – uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmennatafélag og ReykjavíkurAkademían, Reykjavík.
- Greenfield, Jeannette. 1996 [2. útg.]. *The Return of Cultural Treasures*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Gylfi P. Gíslason. 1961. *Handritamálið*. Setberg, [Reykjavík].
- Halldór Hermannsson. 1929. Handritamálið. *Skírnir* 103:1–35.
- Hammerich, Paul. 1977. Krøniken om de islandske sagaer og den uglade giver. *Politiken Søndag* 13. november.
- Håndskrift-protest fra 1300 fagkyndige imod udleveringsforslaget. 1965. *Berlinske Aftenavis* 30. janúar.
- Islandsk forfatter i modvind i aftes. 1961. *Berlinske Tidende* 3. maí.
- Íslendingar telja sig eiga handritin eins og fegurð lands síns. 1954. *Morgunblaðið* 18. mars.
- Jacobsen, Lis. 1946. Islandske Krav paa dansk Privateje og dansk Nationalejendom. *Berlinske Tidende* 24. mars.

- Jakob Jónsson. 1954. Salómons dómur í handritamálinu. *Alþýðublaðið* 11. mars.
- Jón Helgason. 1958. *Handritaspjall*. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Jónsson. 1903. *Íslenzkt þjóðerni*. *Alþýðufyrirlestrar*. Sigurður Kristinsson, Reykjavík.
- Jónas Jónsson. 1950. *Saga Íslendinga* 8. bd., fyrri hluti, *Tímabilið 1830–1874, Fjölnismenn og Jón Sigurðsson*. Menntamálaráð og Pjóðvinafélag, Reykjavík.
- Jónas Kristjánsson. 1981. *Heimkoma handritanna*. Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands, 1976–1979. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Kjær, Birgitte. 2002. ‘Håndskriftsagen’ set fra Danmark. *Nordisk museologi* 2:8–16.
- Koch, Bent A. 1981. Erindringer i utide. Af sagastridens saga. *Weekendavisen. Berliniske Aften* 13. febrúar.
- Kristinn E. Andrésson. 1951. Handritamálið. Ræða flutt á fundi íslenzk-dönsku samninganeftnarinnar í Reykjavík 5. sept. 1946. *Eyjan hvíta. Ritgerðasafn*, bls. 195–198. Heimskringla, Reykjavík.
- Kristinn E. Andrésson. 1961. Íslenzk þjóðernismál. *Tímarit mál og menningar desember*:337–359.
- Kruuse, Jens. 1965. Haandskrifterne – en dansk sag. *Jyllands-Posten* 15. janúar.
- Lauring, Palle. 1965. *Pigen der trådte på Brødet. Danmark og de islandske Håndskrifter*. Danske Boghandleres Kommissionsanstalt, København.
- Lundgreen-Nielsen, Flemming. 1992. Grundtvig og danskhed. *Dansk identitetshistorie*. 3. bd., *Folkets Danmark 1848–1940*, bls. 9–187. Ole Feldbæk ritstj. C. A. Reitzels Forlag, København.
- Lönnroth, Lars. 1965. En fråga om handskrifter. *Stockholms-Tidningen* 11. janúar.
- Lýðveldisháttíðin. 1945. Leiftur, Reykjavík.
- Minnhagen-Alvsten, Monika. 2002. Reflexioner kring återförande av kulturarv till dess ursprungsplatser. *Nordisk museologi* 2:49–57.
- Mortensen, Tage. 1961. Det store udsalg af håndskrifter. *Berlingske Tidende* 30. apríl.
- Oddur Einarsson. 1971. *Íslandslýsing. Qualiscunque descriptio Islandiae*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Orðstír íslenzks menningararfars deyr aldrei sagði Helge Larsen við afhendingu handritanna. 1971. *Pjóðviljinn* 22. apríl.
- Ólafur Lárusson. 1945. Yfirlit yfir kröfur Íslendinga um skil á handritum og skjölum úr dönskum söfnum fram til þessa. *Pjóðskjalasafn Íslands*. Skjöl menntamálaráðuneytis. 1989. B/417. Handritamálið 1946–1955.
- Óskar Halldórsson. 1978. „Íslenski skólinn“ og Hrafnkelssaga. *Tímarit Mál og menningar* 39:317–324.
- Rubow, Paul V. 1953. Vor største nationale Skat. *Edda og saga. Nationalmuseet 17. januar – 8. februar 1953*, bls. 3–4. Ejnar Munksgaards forlag, København.
- Sameign handritanna ekki samkomulagsgrundvöllur til lausnar handritamálinu. 1954. *Morgunblaðið* 14. mars.
- Sá orðstír, sem Ísland vann með menningarfreki sínu á miðöldum, mun aldrei deyja. Ræða Helge Larsen, menntamálaráðherra Dana, við afhendingu handritanna í Háskólabíói í gær. 1971. *Morgunblaðið* 22. apríl.
- Seligman, Thomas K. 1989. The Murals of Teotihuacán: A Case Study of Negotiated Restitution. *The Ethics of Collecting Cultural Property: Whose Culture? Whose Property?* bls. 73–84. Phyllis Mauch Messenger ritst. University of New Mexico Press, Albuquerque.

- Sigrún Davíðsdóttir. 1999. *Hándskriftsagens Saga – i politisk belysning*. Odense Universitetsforlag, Odense.
- Sigurður Nordal. 1971. Flateyjarbók. *Tímarit Máls og menningar* 32:1–3.
- Sigurður Nordal. 1993a [1942]. Íslenzk menning. *Ritverk. Fornar menntir*. 1. bd., Almenna bókafélagið, Kópavogi.
- Sigurður Nordal. 1993b [1950–59]. Fragmenta ultima. Drög að Íslenzkri menningu II. *Ritverk. Fornar menntir* 2. bd., *Kraftaverkið*, bls. 11–169. Almenna bókafélagið, Kópavogi.
- Sigurður Nordal. 1993c. Auður og Ekla í fornmenntum Íslendinga. Fyrirlestur fluttur í Háskóla Íslands 17. febrúar 1946. *Ritverk. Fornar menntir* 2. bd., *Kraftaverkið*, bls. 171–194. Almenna bókafélagið, Kópavogi.
- Sigurður Nordal. 1996 [1924]. Samhengið í íslenzkum bókmenntum. Inngangur að Íslenzkri lestrarbók. *Ritverk. Samhengi og samtíð* 1. bd., bls. 13–38.
- Skilið Íslendingum fjársjóðum sínum aftur. Opíð bréf til ríkisstjórnar og ríkisplings frá 49 dönskum lýðháskólastjórum. 1947. *Tímarit Máls og menningar*, bls. 24–32.
- Friðrik Á. Brekkan þýddi.
- Slumstrup, Finn. 1988. *Jørgen Budahl. En europæer i Norden. Biografi*. Gyldendal, København.
- Stangerup, Hakon. 1946. *Kulturkampen. Første Del. 1872–1877*. Gyldendalske Boghandel, København.
- Tugþúsundir fögnum. 1971. *Pjóðviljinn* 22. apríl.
- Vésteinn Ólason. 2002. Håndskriftenes hjemkomst. *Nordisk museologi* 2:3–7.
- „Vær saa god, Flatbøgen“. 1971. *Morgunblaðið* 22. apríl.
- Westergaard, Hanne. 1965. Den norrøne tradition i dansk kunst. *Islandske håndskrifter og dansk kultur*, bls. 49–66. Det kongelige bibliotek, København.
- Þið hafið drýgt dáð. Ræða menntamálaráðherra, dr. Gylfa P. Gíslasonar við afhendingu Flateyjarbókar og Konungsbókar Eddukvæða í gær. 1971. *Morgunblaðið* 22. apríl.

*Guðmundur Hálfdanarson
Sagnfræðiskor
Heimspeklid Háskóla Íslands
Nýja-Garði við Sæmundargötu
101 Reykjavík
ghalfd@hi.is*